



271. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. desember 2018 kl. 12:00.

**Mættir:** Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Forföll:** Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson og Jón Finnbogason.

**Forseti setti fundi og stýrði honum.**

#### **Dagskrá:**

Forseti hóf fund á því að færa Garðari Svanssyni gjöf frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ í tilefni af 50 ára afmælis Garðars í nóvember sl.

Forseti skýrði frá því að hann hæfi nýtt ár í læknismeðferð sem stæði yfir í nokkrar vikur en hann vonaðist til að það hefði ekki mikil áhrif á störf hans. Fundarmenn óskuðu forseta góðs bata.

#### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir þau ólympísku verkefni sem framundan eru. Stutt er í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF) í Sarajevo og A-Sarajevo. Örvar Ólafsson aðalfararstjóri sótti nýlega fararstjórafund og undirbúningur er á áætlun.

Hann fór yfir áætlaðan fjölda þátttakenda í Smáþjóðaleikum, Evrópuleikum, Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar og Heimsstrandarleikum (AWBG).

#### **2. Fagsvið ÍSÍ**

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því að framundan væri vinna við yfirferð umsókna í Afrekssjóð ÍSÍ. Sviðið vann skýrslu til mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna úthlutana 2018 vegna framlags ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ, skv. kröfum sem gerðar eru í samningi ráðuneytisins og ÍSÍ.

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá því að unnið væri að þýðingu þjálffræðibókar. Unnið er að undirbúningi ráðstefnu um íþróttir og ofbeldi sem haldin verður í tengslum við RIG – Reykjavíkurlaikana og auglýst hefur verið eftir ungum afrekspjálfurum til þátttöku í norrænu verkefni sem miðar að því að efla unga þjálfara. Rætt um stefnu ÍSÍ í þjálfaramenntun. Sviðið fyrirhugar að endurskoða stefnuna fyrir Íþróttaping 2019.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum á sviðinu. Verið er að klára fjárhagsáætlanir og verkáætlanir fyrir árið. Lífshlaupið hefst að venju í febrúar og verður ENNEMM auglýsingastofan samstarfsaðili um það verkefni.

Garðar skýrði frá tillögu nefndar um 30 ára afmæli Kvannahlaupsins um að gera heimildarþætti um Kvannahlaupið frá upphafi og til dagsins í dag. Fyrirhugað er að sækja um styrk til Ólympíusamhjalparinnar vegna verkefnisins. Samþykkt að heimila Almenningsíþróttasviði að vinna fjárhagsáætlun vegna þessa verkefnis svo hægt sé að taka afstöðu til fjármögnunar.

### 3. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir 10 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi. Rætt um fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni á Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Unnið er að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Árlegur fundur með ráðuneytinu til að fara yfir ráðstöfun framlaga ríkisins til ÍSÍ er fyrirhugaður 11. desember nk.

### 4. Ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála

Viðar Garðarsson skýrði frá því að almenn ánægja hafi verið með ráðstefnuna þann 16. nóvember sl. Starfsmenn Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ vinna að samantekt um niðurstöður ráðstefnunnar í samstarfi við undirbúningshópinn. Helstu niðurstöður lúta að aukinni samvinnu, fækkun og stækkun eininga o.fl. Fyrirhugað er að kynna samantektina á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

### 5. Formannafundur ÍSÍ

Farið yfir Formannafundinn sem fór fram 16. nóvember sl. Fundurinn gekk vel og var vel sóttur.

Rætt um fyrirkomulag fundarins og viðburði honum tengdum.

### 6. GDPR – staða mála - Persónuverndarstefna ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála. Upplýsinga- og leiðbeiningarþakki verður sendur út síðar í desember til íþróttahreyfingarinnar og fyrirhugað er að hefja nýtt ár með fræðslufundum á landsvísu um málefnið, eftir þörfum. Persónuverndarstefna ÍSÍ er enn í vinnslu.

### 7. Tilnefning í ráðgefandi nefnd forsætisráðuneytis um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi

Samþykkt einróma að tilnefna Ásu Ólafsdóttur sem fulltrúa ÍSÍ í nefndinni.

### 8. Umsögn ÍSÍ á nýjum samningi um samhæfða nálgun í öryggismálum og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Verið er að vinna umsögn. Í samtali við KSÍ kom fram að KSÍ telur þennan endurskoðaða samning ekki meira íþyngjandi en fyrri samning en hann taki meira til öryggismála.

### 9. Málefni Slysabótasjóðs ÍSÍ

Rætt um framtíð sjóðsins í ljósi þess að búið er að segja upp samningi velferðarráðuneytis og ÍSÍ og ekki um frekari framlög að ræða í Slysabótasjóð ÍSÍ í kjölfar breyttrar greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í sjúkrakostnaði almennings.

Samþykkt að stefna að því að greiða út úr sjóðnum skv. venju út árið 2019, svo fremi að það fjármagn sem þegar er til í sjóðnum dugi til. Framkvæmdastjóra veitt heimild til að funda með ráðuneyti um næstu skref.

### 10. Samningur við Air Iceland Connect

Lögð fram drög að samningi ÍSÍ og Air Iceland Connect um afslátt á fargjöldum innanlands. Drögin fela í sér 5% hækkun á fargjöldum. Samningarviðræður standa enn yfir en fyrirhugað er að undirrita samning sem fyrst. Breytt fyrirkomulag á bókun einstaklingsfargjalda hefur gengið vel og verið vel nýtt af hreyfingunni.

### 11. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skilafrestur umsókna er 9. janúar 2019. 127 milljónir verða til úthlutunar að þessu sinni vegna keppnisferða 2018. Stefnt er að úthlutun í febrúarmánuði.

### 12. Breytingar á skipan Skvassnefndar ÍSí

Tekið fyrir erindi frá Skvassnefnd ÍSí þar sem óskað er eftir breytingu á skipan nefndarinnar. Samþykkt að nefndina skipi eftirfarandi einstaklingar, fram að Íþróttáþingi ÍSí 2019:

*Kim Magnús J. Nielsen formaður*

*Rósa Jónsdóttir*

*Arnþór Jón Þorvarðsson*

Skrifstofu falið að senda skipunarbréf til ofangreindra.

### 13. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

### 14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fyrir og staðfestar:

- 270. fundur framkvæmdastjórnar
- 16. fundur framkvæmdaráðs ÍSí 2018
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSí frá 3. desember 2018
- Almenningsíþróttasvið ÍSí frá 5. desember 2018
- Afrekssjóðs ÍSí frá 15. nóvember 2018
- Laganefndar ÍSí frá 5. desember 2018. **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar.**
- Heiðursráðs ÍSí frá 20. nóvember 2018

### 15. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

### 16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næstu fundir eru fyrirhugaðir 17. janúar og 21. febrúar.

### 17. Önnur mál

*Yfirlýsing IOC um réttindi og skyldur íþróttafólks*

Framkvæmdastjóri skýrði frá yfirlýsingu Alþjóðaólympíunefndarinnar um réttindi og skyldur íþróttafólks. Verið er að þýða yfirlýsinguna og verður hún í kjölfarið kynnt.

*Breytingar á skipan laganefndar ÍSí*

Forseti skýrði frá því að Snorri Olsen og Arnfríður Einarsdóttir hafi sagt sig úr laganefnd ÍSí í kjölfar breytinga á starfsvettvangi þeirra.

Samþykkt að Davíð B. Gíslason leiði starf nefndarinnar fram að næsta þingi. Aðrir í nefndinni eru Jón Finnbogason og Guðmundur Pétursson.

*Erindi Jóns Hjaltalín Magnússonar vegna þróunarverkefnis í Úganda*

Lagt fram erindi Jóns Hjaltalíns Magnússonar formanns Samtaka íslenskra ólympíufara þar sem óskað er eftir samstarfi við ÍSí um þróunarverkefni í Úganda.

*Áhrif styttingu menntaskólanáms á brottfall ungmenna úr íþróttum*

Úlfur H. Hróbjartsson benti á nauðsyn þess að kanna hvort stytting náms í framhaldsskólum hafi áhrif á brottfall ungmenna úr íþróttum. Mögulegt verður að bera saman iðkendatölur, með tilliti til þessara breytinga, eftir næsta skilaár í Felix.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari